

Miklar breytingar í leikskólastarfi

Unnur Stefánsdóttir fjallar um breytingar í leikskólamállum

MIKLAR breytingar hafa orðið í leikskólastarfi undanfarin 15 ár. Líklega hafa hvorki kennarar, foreldrar né rekstraraðilar áttað sig á hversu gífurleg breytingin er. Á þessu tímabili hefur vistunartími barna breyst.

Áður voru flest börn í leikskóla í fjóra tíma á dag fyrir hádegi eða eftir hádegi og nokkur voru allan daginn. Nú er tíðin önnur. Næst-um því hvert einasta barn á aldrinum tveggja til sex ára er í átta til níu stundir í leikskóla dag hvern. Það væri spennandi rannsóknarefni að skoða áhrif þess á börn að dvelja svo langan tíma í skóla frá unga aldri.

Rými á hvert barn

Þó svo að þessi rannsókn sé ekki til, þá er það sláandi hvað umtal um álag og veikindi í leikskólum hefur aukist mikið undanfarin ár, sérstaklega eftir að reglum og viðmiðum um rými á hvert barn var breytt.

Leikskólakennarar sem hafa unnið í þessu starfi lengi, finna mjög fyrir þessari breytingu og einnig þeirri breytingu sem hefur orðið á börnum. Rannsóknir hafa sýnt að mikilvægt er fyrir barn að geta myndað geðtengsl við fáa fyrstu mánuðina og árin, en þetta er mikið grundvallaratriði fyrir allan þroska barns og ekki verða geðtengsl keypt í búð.

Þó svo að það sé ekki einföld lausn á þessu vandamáli, þá er ég þess fullviss að ein af þessum lausnum getur verið fólgin í því að breyta þeim

reglum og viðmiðum sem eru í gildi varðandi rými á hvert barn. Það þarf að hækka þetta viðmið, til að gera leikskólana umhverfisvænni, bæði fyrir kennara og börn.

Sérkennslan hefur aukist

Allar tölur benda til þess að sérkennsla hafi aukist í leikskólum

landsins á seinni árum. Vel er staðið að þeim málum hjá rekstrar- aðlum og mikil þjónusta í boði og er það vel. Það má hins vegar spyrja hvort það geti talist eðlilegt að svo mörg börn þurfi sérstaka talþjálfun, sérstaka meðferð vegna ofvirkni, athyglisbrests og fleira. Mörg börn af erlendum uppruna eru komin í leikskólana og er það vel, en það er

líka ein viðbótin í leikskólastarfinu. Aukin vinna er hjá kennurum vegna málörðugleika foreldra og barna þeirra og oft skapast árekstur barna í milli vegna þess að málið er þeim fjötur um fót.

Margir ófaglærðir

Fjögur leikskóla hefur orðið gríðarleg síðustu 12 árin. Öll börn tveggja ára og jafnvel eins og hálfárs eru komin í leikskóla og flest allan daginn. Þetta þýðir að fleiri störf hafa orðið til í leikskólunum. Ekki hefur tekist að mennta nærri nógu marga kennara til þess að halda í við þessa aukningu, þannig að hlutur faglærðra er nánast búinn að vera sá sami síðustu þrjátíu árin, þó að kennarabrotin á Akureyri og fjarnám í kennarafræðum hafi komið ný inn. Ófaglært starfsfólk er margt mjög góðir starfsmenn og vinnur geysilega gott starf, en of mikið er af fólk

» Börnin, okkar mesta verðmætið, hefur setið á hakanum. Við getum engum kennt um nema okkur sjálfum.

í starfi í leikskólunum sem ætla að vinna þar stutt og er ekki komið til að vera og byggja upp metnaðarfullt uppeldisstarf og reyndar ekki hægt að ætlast til að það geri það. Menntunarbáttinn verður að laga.

Sameiginlegt framtak

Þjóðfélag okkar hefur breyst og við höfum sofð á verðinum. Börnin, okkar mesta verðmætið, hefur setið á hakanum. Við getum engum kennt um nema okkur sjálfum. Það er hins vegar skylda okkar allra sem vinnum að uppeldi og menntun barna að setjast niður og skoða stöðuna og gera áætlanir. Ef við ætlum að hafa það þannig áfram að nær allir foreldrar vinni í 100% starfi og eignist börn, þarf að vera til góður skóli fyrir þau, sem er þannig búinn að barnið fái notið sín í þroskandi umhverfi, þar sem áreiti eru í lágmarki. Sem dæmi má nefna að tveggja ára barn sem er á 20 barna deild og deilir auk þess sameiginlegu rými með öðrum 20 börnum, þarf dag hvern að umgangast 39 börn og átta til tíu fulloröna.

Oft er sagt í hátíðarræðum að börnin séu það dýrmætasta sem við eigum og því er ég sammála. Við verðum því að huga að öllum þáttum sem að þeim snúa, bæði umhverfi, uppeldi og menntun. Þetta kostar mikla peninga og þá peninga verðum við að vera tilbúin að láta í þennan málaflokk.

Höfundur er framkvæmdastjóri heilsustefunnar hjá Skólum ehf.



Unnur Stefánsdóttir